

Okkar verðmætasta auðlind er fólkið!



Í virkjunum ON eru mörg spennandi verkefni í pípunum og því vantar okkur drífandi samstarfsfélaga til að slást í hópinn. Við bjóðum fjölbreyttar áskoranir, skemmtilega og skapandi vinnufélaga og stuðning við að fylgja hugmyndum þínum eftir allt til enda. Starfsfólk í virkjunum gegnir mikilvægu hlutverki þar sem áhersla er lögð á öryggisvitund, frumkvæði og umbótahugsun. **Ertu ON?**

Ertu rafmagnað leiðtogaefni?

Við óskum eftir lausnamiðaðri og áhugasamri fagmannskju til að gegna hlutverki staðgengils tæknistjóra rafbúnaðar. Verkefnin fela m.a. í sér að stýra verkum iðnmenntaðs starfsfólks og verktaka, taka faglegar ákvarðanir og styðja við störf tæknistjóra rafbúnaðar.

Ef þú hefur sveinspróf í rafvirkjun, ert lipur í samskiptum og hefur ánægju af verkstjórn viljum við heyra frá þér. Þú þarft að hafa reynslu af almennri rafvirkjun og reynsla af smá- og háspennurafvirkjun er kostur.

Ertu skipulagður stuðbolti?

Okkur vantar skipulagðan stuðbolta til að vera lykilaðili í góðu flæði verkefna, allt frá undirbúningi til verkloka. Þú verður í mikilvægu þjónustuhlutverki, hefur yfirsýn yfir lagerstöðu og tryggir að samstarfsfólk og verktakar hafi það sem þarf hverju sinni.

Ef þú hefur unun af góðu skipulagi, býrð yfir þjónustulund og hefur áhuga á starfsemi virkjana-reksturs, viljum við heyra frá þér. Hér skiptir öllu máli að vera lipur í samskiptum og búa yfir umbóta-hugsun. Lyftarapróf er ekki nauðsyn til að sækja um.

**Sótt er um á ráðningavef ON, starf.on.is, þar sem nánari upplýsingar er að finna.
Umsóknarfrestur er til 7. mars 2019. Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um.***

*Þar sem konur eru í miklum minnihluta starfsfólks hjá virkjunum ON hvetjum við þær sérstaklega, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, til að sækja um.

Hvers vegna ON?

Við framleiðum og seljum rafmagn til allra landsmanna, auk þess að framleiða heitt vatn fyrir höfuðborgarsvæðið. Við rekum virkjanir á Hellsheiði, Nesjavöllum og við Andakilsá. Við erum leiðandi í umhverfisvænum orkuskiptum á Íslandi og nýsköpun í nýtingu auðlindastrauma. Við höfum sett okkur metnaðarfull loftslagsmarkmið og viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni til að bæta lífsgæði í nútíð og framtíð, okkur öllum til heilla.

Hjá okkur ríkir jákvæður starfsandi sem einkennist af sterkri liðsheid, uppbyggilegum skoðanaskiptum og virðingu í samskiptum. Við bjóðum upp á fyrsta flokks aðbúnað og fjölskylduvænan vinnutíma.



JAFNLAUNAVOTTUN
2018-2021



UMHVÉRFSVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
FRAMTÍÐ ARGNS - 2016



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
2017



ORKA NÁTTÚRUNNAR